



## Sjálfbærnistefna Breiðabliks

Stefna þessi er í samræmi við [Sjálfbærnistefnu UEFA í knattspyrnu 2030](#) og viðeigandi leiðbeiningar. Stefna þessi nær yfir svið jafnréttis og almennrar þátttöku, varnir gegn kynþáttafordómum, verndun og velferð barna og ungmenna, knattspyrnu fyrir alla getuhópa og umhverfisvernd í samræmi við leyfisreglugerð KSÍ.

### Jafnrétti og almenn þátttaka / Equality and inclusion

Breiðablik býður upp á jöfn tækifæri fyrir alla sína iðkendur til knattspyrnuíðkunar, þ.e. æfingatími, búnaður, þjálfun og æfingaaðstaða er sú sama hjá hverjum aldursflokki óháð kyni. Breiðablik mun leggja áherslu á að taka vel á móti iðkendum sem tilheyra minnihlutahópum og bjóða þannig upp á jöfn tækifæri fyrir alla hópa til að stunda knattspyrnu.

### Gegn fordómum / Anti-racism

Breiðablik mun ekki líða fordóma af neinu tagi. Á þetta við um iðkendur, aðstandendur, áhorfendur, starfsfólk og aðra sem koma að starfi Breiðabliks á einhvern hátt. Lögð verður áhersla á að lágmarka líkur á fordómum innan félagsins með fræðslu og/eða forvarnarstarfi.

### Verndun barna og ungmenna / Child and youth protection

Breiðablik mun leggja áherslu á að vernda iðkendur félagsins fyrir hvers kyns ofbeldi eða áreitni sem þau geta orðið fyrir, bæði hjá félaginu og utan þess, og bregðast við verði þau fyrir líkamlegu eða andlegu áfalli. Verður það gert með því að fræða starfsfólk og sjálfboðaliða. Notast verður við [viðbragðsáætlun samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs](#) vegna atvika og áfalla sem upp geta komið í starfinu.

### Knattspyrna fyrir alla / Football for all abilities

Breiðablik mun leggja áherslu á að haga starfi sínu á þann hátt að allir sem hafa áhuga geti tekið þátt í starfi Breiðabliks á einhvern hátt, sem iðkendur, áhorfendur, starfsmenn eða sjálfboðaliðar.

### Umhverfisvernd / Respect the environment

Breiðablik mun einsetja sér að huga að umhverfispáttum við innkaup, viðhald á mannvirkjum, við flokkun á rusli og við framkvæmd viðburða. Lögð verður áhersla á að endurnýta og endurvinna búnað sem notast er við í þjálfun og á viðburðum.